

## Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum

### 1.grein

Gjaldskrá þessi er unnin og sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

### 2.grein

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 19.449 kr. á ári

Sorpeyðingargjald á íbúð 43.933 kr. á ári

Heiti	pr/m <sup>3</sup>	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	31.196 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi.
Blandaður Rekstrarúrgangur	20.801 kr.	Almennt sorp, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	5.670 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	5.670 kr.	Bretti - ómálað timbur
Litað timbur	9.451 kr.	Gagnavarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	5.670 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Veiðarfæri	31.196 kr	Öll veiðarfæri, kaðlar, spottar, gúmmíbobbingar o.s.frv
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast,raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinir,lauf
Annað		Skv tilboði.
Spilliefni		Skv. gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Skv tilboði

Öll verð eru án VSK

Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar. Undanþegin magnjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

### 3.grein

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins [www.vestmannaeyjar.is/sorp](http://www.vestmannaeyjar.is/sorp) eða í síma 4882530. Allar upphæðir eru án vsk.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann xx.janúar 2022, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1310/2016 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum xx.janúar 2022

Ólafur Þór Snorrason,  
framkvæmdastjóri